



Alþingi  
Erindi nr. P 137/48  
komudagur 2.6.2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 34. mál frístundaveiðar, handfæraveiðar o.fl.

Gerð er eftirfarandi athugasemd við frumvarpið.

Fiskur sá sem veiddur er og landað skv. tillögum um:

1. Takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni.
2. Frístundaveiðar á vegum ferðaþjónustu.
3. Frjálssar handfæraveiða, strandveiðar.

Lagt er til að framangreindum afla verði landað á fiskmarkað og hann boðin þar upp.

Greinargerð:

Ef þetta frumvarp nær fram að ganga, er um umtalsvert aflamagn að ræða. Það er skilyrðislaus réttlætiskrafa að íslenskum fiskverkendum verði gert kleyft að bjóða í þennan fisk á opinberu frjálssu uppboði og hámarka verðmæti hans.

Um leið og uppboðið leiðir til raunverðs þá skapar sala á opinberu uppboði það eftirlit og aðhald sem nauðsynlegt er.

Íslensk uppboð hafa löngu sannað sig sem besta verðmyndunargrunnurinn fyrir íslenskan ferskan fisk. Daglega eru 70-90 kaupendur að bjóða í afla sem boðin er upp hér á landi, flest eru þetta lítil fyrirtæki dreifð um allt land. Uppboðskerfi okkar nær til allra fiskverkenda á landinu og tryggir rétta verðmyndun á hverjum tíma.

F.h. Reiknistofu fiskmarkaða hf  
Bjarni Askelsson